



**Skeljungur hf.**

Samfélagsuppgjör  
(ESG)

**2019**

Skeljungur hf.  
Borgartúni 26  
5902691749

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun forstjóra	<b>3</b>
Áritun vottunaraðila	<b>5</b>
Lýsing á fyrirtækinu og umfangi uppgjörs	<b>6</b>
Helstu markmið og rekstrartölur	<b>8</b>
Umhverfisuppgjör	<b>9</b>
Skýringar	<b>18</b>

## Skýrsla og áritun forstjóra

Skeljungur er fjölorkufélag með langa og farsæla sögu sem mætir orkupörf einstaklinga og fyrirtækja í sátt við umhverfið. Með stefnu um samfélagsábyrgð leitast Skeljungur við að flétta efnahags-, samfélags-, og umhverfismál við almenna starfshætti félagsins. Skeljungur vill með þeim hætti tryggja haghöfum ávinning. Skeljungur sýnir ábyrga hegðun gagnvart nærsamfélaginu með gegnsæi í allri sinni upplýsingagjöf.

Á árinu 2018 hófst vinna við að endurbæta stefnu félagsins varðandi samfélagsábyrgð, þeirri vinnu var lokið í byrjun árs 2019 og starfar félagið nú eftir endurbættri stefnu. Þungamiðja í stefnu félagsins um samfélagsábyrgð snýr nú að loftslags- og umhverfismálum en það er þáttur sem snertir alla.

Þrjú stór verkefni voru gangsett út frá þessari stefnumótun á árinu 2019:

**Endurheimt Votlendis - Votlendissjóðurinn:** Skeljungur er einn stofnaðila Votlendissjóðsins. Sjóðurinn er samfélagslegt verkefni sem hefur það hlutverk að vinna að endurheimt votlendis í samstarfi við landeigendur, ríki, sveitafélög, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga.

*Skeljungur kolefnisjafnar alla starfsemi félagsins á Íslandi með endurheimt votlendis í gegnum Votlendissjóðinn.*

**Jafnaðu þig hjá Orkunni:** Á árinu 2019 varð Skeljungur fyrsta olíufélagið á Íslandi til þess að bjóða viðskiptavinum sínum upp á þann valkost að kolefnisjafna eldsneytiskaup sín hjá félaginu í gegnum orku-lykla og kort á einfaldan og þægilegan máta. Lykil- og korthafar geta þannig gefið eftir hluta af afslætti sínum og nýtt til kolefnisjöfnunar. Verkefnið fékk gríðarlega góðar undirtektir, en á u.þ.b. sex mánuðum höfðu rúmlega 5.000 viðskiptavinir skráð sig í kolefnisjöfnuð viðskipti hjá Orkunni. Með þessum aðgerðum leitast Skeljungur við að efla umhverfisvitund og auðvelda aðgerðir einstaklinga til þess að hafa bein áhrif á umhverfis- og loftslagsmál.

**Fjölorkustöðvar Orkunnar:** Á árinu opnaði Skeljungur fyrstu sannkölluðu fjölorkustöð landsins við Miklubraut, þar sem auk jarðefnaeldsneytis er boðið upp á vetni, metan og rafmagn. Áður starfrækti Skeljungur tvær vetnisstöðvar og níu rafmagnshlöður. Orkuskiptin eru þannig beinn hluti af rekstri félagsins.

Samfélagsuppgjör Skeljungs fyrir árið 2019 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóða sáttmála Sameinuðu Þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Félagið notar Klappir EnviroMaster til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna og miðlun upplýsinga sem tengjast samfélagslegri ábyrgð.

Forstjóri staðfestir hér með umhverfisuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1.janúar til 31.desember 2019 með undirritun sinni.

11. febrúar 2020

Árni Pétur Jónsson

Forstjóri, Skeljungur hf.

# Áritun vottunaraðila

Vottunaraðili: Jón Ágúst Þorsteinsson

Vinnsluaðili: Sigrún Hildur Jónsdóttir

Gagnasérfræðingur: Höskuldur Arason

Uppgjör þetta staðfestir að þann 11.02.2020 hef ég lokið við að meta gæði þeirra gagna sem notuð eru til grundvallar á útreikningi á kolefnisspori Skeljungs. Skeljungur notar umhverfisstjórnunarkerfið Klappir EnviroMaster til að safna umhverfisgögnum bæði sjálfkrafa og handvirkt.

Skeljungur notar hugbúnaðarlausnina Klappir EnviroMaster til að safna gögnum um eldsneyti, heitt vatn, rafmagn, úrgangshirðu, endastað úrgangs og pappírs- og vatnsnotkun fyrir skrifstofu fyrirtækisins, vöruhús, geymslu, bílaflota, dreifingu, lóðir og dælur.

Klappir EnviroMaster safnar gögnum eins örugglega frá upprunastað gagna og núverandi tækni leyfir. Losun gróðurhúsalofttegunda, sem birt er fyrir allar fyrrnefndar eignir, er reiknuð í tCO<sub>2</sub>í og birt í umhverfisuppgjöri þessu.

Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að gögn Skeljungs og birgja þess, sem birt eru í umhverfisuppgjöri þessu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2019, hafa verið yfirfarin og metin eftir bestu vitund.

Reykjavík, 25. febrúar 2020,



Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson

Forstjóri Klappa grænna lausna hf.

## Lýsing á fyrirtækinu og umfangi uppgjörs

Skeljungur er olúfélag með starfsemi á yfir 100 stöðum á landinu og hefur það að meginmarkmiði að fullnægja orkupörf einstaklinga og fyrirtækja hratt og örugglega í sátt við umhverfi sitt. Skeljungur selur eldsneyti og olíu til einstaklinga og fyrirtækja í sjávarútvegi, landbúnaði, landflutningum, flugi og til verktaka.

Fyrirtækið selur einnig áburð og ýmsar aðrar efnavörur. Vörur og þjónusta fyrirtækisins eru seld undir vörumerkjnum Skeljungur, Orkan, Kvikk og Sprettur - áburður. Skeljungur rekur 65 bensínstöðvar úti um land allt.

### **Skipulagsmörk (e. Organizational Boundaries)**

Við gerð losunaruppgjörs Skeljungs hefur „Operational Control“-aðferðafræðin orðið fyrir valinu en samkvæmt henni gerir fyrirtæki grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra. Þær rekstrareiningar sem falla undir uppgjör Skeljungs eru:

- Höfuðstöðvar Skeljungs
- Skrifstofur
- Lager
- Geymslur
- Birgðastöðvar
- Dreifing
- Bifreiðar í eigu og rekstri Skeljungs
- Bílaplön, skyggni og dælubúnaður við sjálfsafgreiðslustöðvar

Verslunarrekstur dótturfélaga við bensínstöðvar Orkunnar eru ekki taldar til í uppgjöri þessu.

**Rekstrarmörk (e. Operational Boundaries)**

Innan rekstrarmarkna Skeljungs er losun í umfangi 1 og umfangi 2 fyrir eftirfarandi rekstrareiningar: Höfuðstöðvar Skeljungs, skrifstofur, lager, geymslur, birgðastöðvar, dreifingu, bensínstöðvar (bílaplön, skyggni og dælubúnaður) og bifreiðar. Þeir þættir, sem taldir eru fram í umfangi 3 í uppgjöri Skeljungs, eru: Úrgangur, millilandaflug (frá 2015) og innanlandsflug (frá 2016).

**Viðmiðunarár** Skeljungs er árið 2015.

## Helstu markmið og rekstrartölur

Á árinu 2019 fjárfesti Skeljungur í sjálfbærni fyrir 37.919.940 krónur samanborið við 261.803.024 krónur á árinu 2018. Um var að ræða að meginstefnu fjárfestingu í vetnisstöðvum (32.700.000 kr.) og auknu plássi fyrir metangas (5.219.940 kr.) Heildarfjárfestingar félagsins í rekstrarfjármunum voru 419.000.000 kr.

Það er markmið Skeljungs að ekkert umhverfistjón eigi sér stað í rekstri félagsins. Mest hættu er á umhverfistjóni við olíuafgreiðslur. Á árinu 2019 framkvæmdu starfsmenn Skeljungs 28.508 afgreiðslur með bifreiðum, olíupramma og beint úr olíubirgðastöð. Markmiðið náðist á árinu 2019. Ekkert tilvik var skilgreind sem umhverfistjón enda ekki um mengaðan jarðveg að ræða í neinu þeirra.

Heildarmagn þess úrgangs, sem fluttur var til móttökustöðva á árinu 2019, var 255 tonn og var hlutfall flokkaðs úrgangs 72,9% samanborið við 154 tonn á árinu 2018 og hlutfall flokkunar 54,9%.

Skeljungur kolefnisjafnaði allan rekstur félagsins á Íslandi á árinu 2019 í gegnum Votlendissjóðinn. Losun koltvísýrings á árinu 2019 voru 1.533 tonn en það er 4% minnkun frá 2018.



# Umhverfisuppgjör

## Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Heildartekjur	mISK	-	-	44.480	33.569	33.325
Eigið fé	mISK	-	-	-	-	9.578
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	-	-	118	92	89
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>2</sup>	-	-	-	-	473
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>3</sup>	-	-	-	-	21.540

## Umhverfi

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Umfang 1	tCO <sub>2</sub> i	1.299	1.366	1.438	1.412	1.357
Umfang 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> i	76	67	73	82	78
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	-	-
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> i	16	16	13	105	98
<b>Kolefnisspor án mótvægisáðgerða</b>	<b>tCO<sub>2</sub>i</b>	<b>1.391</b>	<b>1.449</b>	<b>1.524</b>	<b>1.599</b>	<b>1.533</b>
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> i	-	-	-	1.632	1.632
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO <sub>2</sub> i	1.391	1.449	1.524	-34	-99

*E1|UNGC: P7|GRI 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets (Disclosure B)*

Losunarkræfni	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Losunarkræfni orku	kgCO <sub>2</sub> i/MWst	105,3	114	110,3	108,6	108,4
Losunarkræfni starfsmanna	tCO <sub>2</sub> i/stöðugildi	-	-	13	17,4	17,2
Losunarkræfni tekna	tCO <sub>2</sub> i/mISK	-	-	0,03	0,05	0,05
Losunarkræfni eigin fjár	tCO <sub>2</sub> i/mISK	-	-	-	-	0,16
Losunarkræfni fermetra	kgCO <sub>2</sub> i/m <sup>2</sup>	-	-	-	-	324,1
Losunarkræfni rúmmetra	kgCO <sub>2</sub> i/m <sup>3</sup>	-	-	-	-	71,2

*E2|UNGC: P7, P8|GRI 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management*

Orkunotkun	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
				13.811.07		
Heildar orkunotkun	kWst	13.206.762	12.712.782	5	14.720.494	14.139.329
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	5.029.790	5.288.548	5.565.286	5.463.801	5.261.528
Þar af orka frá rafmagni	kWst	2.809.921	2.887.692	3.012.392	3.477.230	3.111.068
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	5.367.051	4.536.542	5.233.397	5.779.463	5.766.733
<i>E3 UNGC: P7, P8 GRI 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management</i>						

Orkukræfni	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	-	-	118.043	160.005	158.869
Orkukræfni tekna	kWst/mISK	-	-	311	439	424
Orkukræfni á fermetra	kWst/m <sup>2</sup>	-	-	-	-	2.989
Orkukræfni á rúmmetra	kWst/m <sup>3</sup>	-	-	-	-	656
<i>E4 UNGC: P7, P8 GRI 302-3 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management</i>						

Samsetning orku	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Jarðefnaeldsneyti	%	38%	41,50%	40,20%	37%	37,10%
Kjarnorka	%	-	-	-	-	-
Endurnýjanleg orka	%	62%	58,50%	59,80%	63%	62,90%
<i>E5 GRI 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management</i>						

Vatnsnotkun	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Samtals vatnsnotkun	m <sup>3</sup>	135.738	132.535	161.309	173.961	114.097
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	43.203	54.319	71.078	74.315	14.671
Heitt vatn til upphitunar	m <sup>3</sup>	92.535	78.216	90.231	99.646	99.426
<i>E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water &amp; Wastewater Management</i>						

Umhverfisstarfsemi	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Fylgir fyrirtæki þitt formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	-	-	Nei	Já	Já
Fylgir fyrirtæki þitt sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	-	-	Nei	Nei	Nei
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	-	-	Nei	Nei	Nei
<i>E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste &amp; Hazardous Materials Management; Water &amp; Wastewater Management</i>						

Loftslagsyfirsýn / stjórn	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Hefur stjórn yfirumsjón með og / eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	-	-	-	Já
<i>E8 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A)</i>						

Loftslagsyfirsýn / stjórnendur	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og / eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	-	-	-	Já
<i>E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure B)</i>						

Loftslagsyfirsýn / stjórnendur	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Árleg heildarfjárfesting í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	ISK	-	-	-	261.803.024	37.919.940
<i>E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)</i>						

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Samtals úrgangur	kg	59.559	76.899	54.456	154.445	254.718
Þar af flokkaður úrgangur	kg	10.938	14.979	1.705	84.824	185.569
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	48.621	61.92	52.751	69.621	66.393
Endurunnið / endurheimt	kg	-	-	-	25.789	8.435
Urðun / förgun	kg	24.47	47.39	41.53	108.493	228.455
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	18,40%	19,50%	3,10%	54,90%	72,90%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	-	-	-	16,70%	3,30%

Úrgangskræfni	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	-	-	465	1.679	2.862
Úrgangskræfni veltu	kg/mISK	-	-	1,2	4,6	7,6

Viðskiptaferðir	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Losun vegna viðskiptaferða	tCO2í	0	0	0	62,8	57,8
Flug	tCO2í	0	0	0	62,8	57,8
Leigubíll	tCO2í	-	-	-	-	65

Ferðir starfsmanna til og frá vinnu	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Endurgreiðir fyrirtæki þitt vistvænan ferðamáta starfsmanna?	já/nei	-	-	Nei	Nei	Nei

Helstu orkugjafar bifreiða	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Samtals eldsneytisnotkun í lítrum	lítrar	499.537	524.761	552.166	541.344	521.539
Metan	lítrar	1.053	1.081	643	782	818
Bensín	lítrar	15.693	11.427	11.271	6.424	9.168
Dísilólía	lítrar	482.791	512.253	540.252	534.138	511.553

Meðhöndlun pappírs	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Heildarmagn prentaðs pappírs	blaðsíður	-	-	-	-	483.464
Einhlíða prentun	blaðsíður	-	-	-	233.110	4.034.556
Litaprentun	blaðsíður	-	-	-	41.958	78.444

Mótvægisáðgerðir	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Endurheimt votlendis	tCO2í	0	0	0	1.632	1.632
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO2í	-	-	-	1.632	1.632

Kolefnisgjöld	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Kolefnisgjald, gas- og dísilólía	ISK/líttra	5,84	6,00	6,30	9,45	10,40
Kolefnisgjald, bensín	ISK/líttra	5,10	5,25	5,50	8,25	9,10
Kolefnisgjald, eldsneyti	ISK/kg	7,23	7,40	7,75	11,65	12,80
Kolefnisgjald, hráólía o.s.frv.	ISK/kg	6,44	6,60	6,90	10,35	11,40
Samtals kolefnisgjald (ESR)	ISK	2.899.534	3.133.510	3.465.578	5.100.602	5.403.580

## Félagslegir þættir

Launahlutfall forstjóra	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1	-	-	-	-	8
Eru upplýsingar um fyrrgreint hlutfall lagðar fram í skýrslugjöf til stjórnvalda?	já/nei	-	-	-	Nei	Já
S1 UNGC: P6 GRI 102-38						

Launamunur kynja	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	-	-	0	1,05	1,1
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	-	-	-	0,8	4,2
S2 UNGC: P6 GRI: 405-2   SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion						

Starfsmannavelta	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Starfsmenn í fullu starfi						
Fráfall	%	-	-	-	-	0
Starfslok	%	-	-	3	33	5
Starfsskipti	%	-	-	9	67	6
Frávísun	%	-	-	88	0	8
Starfsmannavelta starfsfólks í fullu starfi ár frá ári	%	-	-	30	1	20
Starfsmenn í hlutastarfi						
Fráfall	%	-	-	-	-	0
Starfsmannavelta hlutastarfsmanna ár frá ári	%	-	-	0	-	0
Starfsskipti	%	-	-	-	-	0
Frávísun	%	-	-	-	0	0
Starfslok	%	-	-	-	0	0
Kyn						
Karlar	%	-	-	86	89	83
Konur	%	-	-	14	11	17
Aldur						
60-69	%	-	-	11	3	2

50-59	%	-	-	9	0	3
40-49	%	-	-	6	2	5
30-39	%	-	-	5	2	5
20-29	%	-	-	4	2	1

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices

Kynjahlutföll	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
<b>Starfsmannafjöldi</b>						
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	-	-	13	15	20
Karlar	fjöldi	-	-	-	-	73
Konur	fjöldi	-	-	-	-	16
<b>Byrjenda- og millistjórnendastöður</b>						
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsprepi fyrir ofan	%	-	-	-	-	-
Konur	fjöldi	-	-	-	-	15
Karlar	fjöldi	-	-	-	-	69
<b>Yfirmenn og stjórnendur</b>						
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	-	-	20	23	20
Karlar	fjöldi	-	-	-	-	4
Konur	fjöldi	-	-	-	-	1

S4|UNGC: P6|GRI: 102-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Hlutfall tímabundinna starfskrafta	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Stöðugildi	%	-	-	117	92	9
Heildarfjöldi hlutastarfmanna sem starfa innan fyrirtækisins	%	-	-	1	2	3
Heildarfjöldi verktaka og/eða ráðgjafa sem starfa fyrir fyrirtækið	%	-	-	13	19	6

S5|GRI: 102-8|UNGC: P6

Jafnræði	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn kynferðislegri áreitni og/eða mismunun á grundvelli kynferðis?	já/nei	-	-	-	Já	Já

S6|UNGC: P6|GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016)|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Tíðni vinnuslysa	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	-	-	-	-	2,2
S7 GRI: 403-9 SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety						

Heilsa og öryggi	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	-	-	-	Já	Já
Heildar fjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	-	-	-	0,3
Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	-	-	-	0,1
Fjarvera vegna skammtímaveikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-	-	-	-	0,1
S8 GRI: 103-2 SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety						

Barna- og nauðungarvinna	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	-	-	-	Já	Já
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	-	-	Nei	Já	Já
Ef svarið er já, ná stefnumar til starfsemi birgja og framleiðenda?	já/nei	-	-	Nei	Nei	Nei
S9 GRI: 103-2 UNGC: P4, P5 SDG: 8 SASB: General Issue / Labor Practices						

Mannréttindi	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	-	-	Nei	Já	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	-	-	Nei	Nei	Nei
S10 GRI: 103-2 UNGC: P1, P2 SDG: 4, 10, 16 SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations						

## Stjórnarhættir

Fjölbreytni stjórnar	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	-	-	40	40	40
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	-	-	-	-	33,3
G1 GRI 405-1 SDG: 10 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion						

Sjálfstæði stjórnar	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Hefur fyrirtækið lagt bann við að forstjóri gegni starfi stjórnarformanns?	já/nei	-	-	Já	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	fjöldi	-	-	100	100	100
G2 GRI: 102-23, 102-22						

Launahvatar	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Hljóta stjórnendur formlegan hvata til að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	-	-	Nei	Nei	Nei
G3 GRI: 102-35						

Kjarasamningar	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Hlutfall starfsmanna sem fellur undir almenna kjarasamninga	X:1	-	-	-	-	0,9
G4 UNGC: P3 SDG: 8 GRI: 102-41 SASB: General Issue / Labor Practices						

Siðareglur birgja	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Ber seljendum þínum og birgjum að fylgja siðareglum?	já/nei	-	-	Nei	Nei	Nei
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðarreglunum?	%	-	-	-	-	-
G5 UNGC: P2, P3, P4, P8 GRI: 102-16, 103-2 SASB: General Issue / Supply Chain Management						



Siðferði og spilling	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	-	-	Nei	Já	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-	-	-	67
G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2						

Persónuvernd	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	-	-	-	-	Já
Hefur fyrirtæki þitt hafist handa við að framfylgja lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga?	já/nei	-	-	-	-	Já
G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016 SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security						

ESG skýrslugjöf	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Birtir fyrirtæki þitt sjálfbærnisráðgjöf?	já/nei	-	-	Nei	Já	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	-	-	Nei	Já	Já
G8 UNGC: P8						

Aðferðir við upplýsingagjöf	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Veitir fyrirtækið upplýsingum um sjálfbærni til viðurkenndra aðila?	já/nei	-	-	Nei	Nei	Já
Hefur fyrirtækið einblínt á einhver tiltekin sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDGs)?	já/nei	-	-	Nei	Nei	Já
G9 UNGC: P8						

Endurskoðun/vottun þriðja aðila	Einingar	2015	2016	2017	2018	2019
Eru upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	-	-	Nei	Nei	Já
G10 UNGC: P8 GRI: 102-56						

# Skýringar

## 1. Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda (E1)

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis. Í tilfalli Skeljungs afmarkast umfang 1 við losun frá ökutækjum vegna eldsneytisnotkunar.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Skeljungs. Sú losun, sem talin er fram í uppgjöri þessu, er losun vegna flugferða og losun vegna úrgangshirðu frá starfsstöðvum fyrirtækisins.

Greint er frá losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af CO<sub>2</sub> ígildum (tCO<sub>2</sub>i). Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsígilda (tCO<sub>2</sub>e). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlúnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað. Til að mynda jafngildir metan (CH<sub>4</sub>) 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð (N<sub>2</sub>O) 298 koltvísýringsígildum.

## 2. Nettó kolefnislosun

Nettó kolefnislosun starfsemi sýnir nettó losun fyrirtækis með teknu tilliti til aðgerða til kolefnisjöfnunar.

## 3. Losunarkræfni (E2)

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu; umfangi 1, umfangi 2 (landsnetið) og umfangi 3 (viðskiptaferðir og úrgangslosun). Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO<sub>2</sub>í á einingu (svo sem tCO<sub>2</sub>í

á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

#### **4. Bein og óbein orkunotkun (E3)**

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílóvattstundum (kWst).

#### **5. Orkukræfni (E4)**

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.